



Reykjavík, 15. júní 2021

## Varðar: Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar 2021

Á afmæli Reykjavíkurborgar 18. ágúst, eða sem næst þeim degi, á hverju ári eru veittar viðurkenningar fyrir endurbætur á eldri húsum og fyrir lóðir þjónustu, og stofnana og fjölbýlishúsa.

Auk þess hafa á undanförunum árum verið veittar viðurkenningar fyrir vel útfærð svæði fyrir utan verslanir við „sumargötur“, þ.e. götur sem eru göngugötur á sumrin.

Ekki er um að ræða verðlaun í formi fjármagns, heldur er eingöngu verið að veita viðurkenningu og hrósa viðkomandi eigendum/lóðarhafa fyrir þeirra framlag til að bæta útlit og borgarmynd viðkomandi lóða og bygginga.

Vinnuhópurinn fyrir árið 2021 skipa eftirtaldir aðilar:

### Fyrir endurbætur á eldri húsum:

Sólveig Sigurðardóttir, arkitekt (USK)

Alma Sigurðardóttir, arkitekt (Borgarsögusafn)

### Fyrir fallegar og vel skipulagðar lóðir þjónustu, og stofnana og fjölbýlishúsa, auk sumargatna:

Ólafur Melsted, landslagsarkitekt (USK)

Pétur Andreas Maack (USK)

Vinnuhópurinn mun auglýsa opinberlega eftir tilnefningum/ábendingum frá borgarbúum um verðug verkefni.

F.h. Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sólveig Sigurðardóttir  
arkitekt / verkefnastjóri